

Reglugjörð

156

fyrir landsvitana við Faxaflóa.

I. Tilhögun vitafærunna.

1. gr.

1. Við alla þessa vita er notað geislaglers vitafæri.
2. Reykjanesvitinn og Gróttuvitinn eru taldir í fjórða flokki, en Skagatáarvitinn í sjötta flokki.

3. *Vitanum á Reykjanesi*, sem áður var fastaviti, er nú breytt í leipturvita (Blinkfyr), sem sýnir 1 leiptur 15. hverja sekúndu, eða 4 leiptur á mínútunni; hæð yfir sjávarflöt 175'; sjónarsviðið er 19 kml. og ljósmagnið 19 kml. *Skagatáarvitinn* er eldingaviti (Lynfyr), sem leiptrar 5. hverja sekúndu, eða 12 sinnum á mínútunni; hæð yfir sjávarflöt 50'; sjónarsviðið er 11,5 kml. og ljósmagnið 19 kml. *Gróttuvitinn* er fastur hornviti (Vinkelfyr), sem sýnir mislit ljós í ýmsar áttir, t. d. grænt ljós suður eptir yfir og laust við allar grynningar, hvítt ljós út yfir flóann, þar sem leiðin er hrein, rautt ljós norður eptir, laust við allar grynningar og grænt ljós inn á Reykjavíkurhöfn; hæð yfir sjávarflöt 37', sjónarsviðið 10,5 kml., fyrir hvíta ljósið; ljósmagnið 12 kml. fyrir hvíta ljósið, 8½ kml. fyrir hið rauða og 7 kml. fyrir hið græna. Ljóskrónan (vitafærið) í öllum þessum vitum er saman sett af mörgum mægstrendingum (Prismer) úr gleri. Snýst hún um sjálfa sig í Reykjanesvitanum og Skagatáarvitanum, með gangverki, sem knúð er áfram með lóðum, en í Gróttuvitanum er hún föst.

2. gr.

Lamparnir

Í Gróttuvitanum er notaður hinn svo kallaði jafnhæðarlampi (Niveaulampe), en í honum stendur olían allt af jafnhátt á kveiknum. Útbúningurinn á þessum lampa er þannig, að frá sjálfu ollukerinu gengur pípa inn í brennarann, sem olían gengur í gegnum inn í kveikinn, og á miðri pípunni er krani, sem skrufa má frá, til að tæma pípunna, þegar á að taka brennarann niður. Í Reykjanesvitanum og Skagatáarvitanum eru vanalegir lampar, þar er olían sogast upp í kveikina fyrir hárpípuafli.

3. gr.

Brennarinn.

Brennararnir hafa 2 kveiki, hvorn utanyfir öðrum, innri kveikurinn nefnist Nr. 1 og hinn ytri Nr. 2. Hver kveikur er festur með tvinna utan um hólk, sem kallast kveikberi. Kveikberinn er færður upp og niður með tenntri stöng; grípa tennurnar inn í hjól, sem fast er á kveikskrúfunni.

4. gr.

Lampaglasíð.

Lampaglasíð er sett á hreyfanlegan hring, og er það gjört til að bæta loptsúg í brennarann, en fyrir það verður loginn hvítari og sterkari.

5. gr.

Ljóskerið.

Til skýlis fyrir vitafærið er haft ljóssker utan um það. Ljóskerið er búið til úr málm og eru rúður settar í ljóskerið þeim megin, þar er vitinn á að lýsa.

10. dag nóvembermánaðar 1897.

6. gr.

Að setja
ljóskrón-
una upp.

Hvort ljóskrónan stendur rjett, rannsast með því að horfa úr brenni-
mæli hjer og líta á ljóskrónuna, og skal þá sjóndeildarhringurinn sjást í miðri
ljóskrónunni.

Ennfremur má sjá, hvort ljóskrónan stendur rjett, með því að setja halla-
mæli hjer og hvar á fótplötuna í ljóskrónunni. Standi ljóskrónan ekki lóðrjett,
þá verður að laga hana, ef hægt er, eða gjöra gæzlustjóra aðvart um það í
tíma.

7. gr.

Hin dag-
lega
hreinsun
ljóskrón-
unni.

Á hverjum degi er ljóskrónan sópuð varlega með þar til gjörðum fjaðra-
ásóp, þar til er allt ryk og agnir eru sópaðar af; því næst er ljóskrónan núin
með mjúkum og hreintum ljereptsleppi, og að síðustu er hún fægð með fægiskinni.
Sjáist oliublettir á ljóskrónunni, skal nú á af með ljereptslepp, vættum í vín-
anda.

Í hverjum mánuði er ljóskrónan þvegin úr vínanda og síðan þurkuð og
fægð, eins og að ofan um getur. Einu sinni á ári, þegar hætt er að kveikja á
vitanum, skal fægja ljóskrónuna með enskraudu duppti, á þann hátt, sem hjer
segir: Hæfilega miklu af enskraudu er hrært út í dálitlu af vatni, og marið
svo flnt, sem unnt er. Þessari blöndu er svo hellt í hæfilega stórt ílát með 1
potti af vatni í, og hrært vel í; síðan er það látið standa í nokkrar mínútur til
að setjast til. Hinni þunnu blöndu, sem þá er ofan á, er síðan hellt í annað ílát
og svo látið standa og setjast til hálfa stund, en því fleygt, sem sezt hefir á botn-
inn. Þegar allt hið þykka er sezt á botninn, þá er vatninu hellt ofan af. Þessi
þykka kvoða er síðan borin á ljóskrónuna með vel mjúkum bursta. Þegar dupptið
er orðið þurt, þá er það fægt af með fægiskinni, þar til er ljóskrónan er vel
hrein og gljáandi.

Það má ekki búa til meira af áburðinum en notað er í hvert sinn, því
að hann þornar upp og verður því ekki notaður nema einu sinni.

Það verður að geyma duftið vandlega og sjá um að ryk geti ekki kom-
izt að því.

Látúnsumgjörðina um ljóskrónuna má ekki fægja með öðru en ensk-
rauðu duppti og að eins á sama tíma, sem ljóskrónuna. Annars skal hreinsa um-
gjörðina með hreinum og þurrum ljereptslepp.

8. gr.

Öll látúnsáhöld, sem eru póleruð, svo sem brennara, lampa og fleira,
skal daglega fægja með hreinum og mjúkum ljereptsleppi, og einu sinni á viku
með stearinolíu og Vínarkalki, á þann hátt, sem hjer segir: Fyrst er stearin-
olían borin á með ljereptslepp, síðan er tekið dálítið af Vínarkalki í ljereptslepp-
inn og því núið um áhaldið, þar til er það er orðið hreint og olían núin af;
að síðustu er það svo fægt með Vínarkalki og hreinni tusku. Aðra, gróf-
ari, hluti skal fægja með stearinolíu og steinduppti (Trippelse) á sama hátt og að
ofan um getur.

III. Gangverkið.

156

9. gr.

Almennar
reglur.

Gangverkið er varið eins og hægt er fyrir öllu ryki, og allir gangtappar þess og hjól eru hreinsuð, eins opt og þörf gjörist, með smásófli: eða mjúkum ljereptsleppi.

Við og við eru þeir hlutar gangverksins, sem mestur núningur er á, smurðir með paragónolíu. Þess ber að gæta, að ekki safnist gömul olía fyrir í gangverkinu, því að það veldur sliti og óreglu á ganginum. Það getur stundum verið gott að láta drjúpa einn dropa af steinolíu í ganglegurnar.

Hina fögru stál- eða járnhluti skal fægja við og við og bera á þá olíu eða vasselín. Þeim pörtum, sem eru úr látúni, skal haldið hreinum með steinduþti, ef þeir eru ekki lakkeraðir.

Þess verður að gæta vandlega, að fægingarefni komist ekki niður í ganglegurnar.

10. gr.

Í maímánuði hvert ár, þegar hætt er að kveikja á vitanum, eða optar, ef nauðsyn krefur, skal taka allt gangverkið í sundur og hreinsa það, og aðgæta. Öll uppbornuð olía er hreinsuð burt. Þeir hlutir, sem eru úr látúni, skulu fægðir með stearínolíu og Vínarkalki, þar til er þeir eru alveg gljáandi, og allt, sem orðið hefir eptir af fægiefni, er sópað af með mjúkum sófli.

Þeir hlutir, sem eru úr stáli, skulu fægðir með steinduþti og stearínolíu, eða, ef nauðsyn krefur, með smágjörðu smergelljerepti, bleyttu í olíu.

Áður en gangverkið er sett saman aptur, skal hreinsa allar tappalegur, skrúfur og skrúfuganga með smáspýtu úr linu trje, og gæta þess vandlega, að hreinsa vel af hvað eina, sem kann að hafa orðið eptir af fægingarefni við hreinsunina.

11. gr.

Þess ber að gæta, að það má ekki bera á gangverkið, þegar búið er að setja það saman eptir hreinsun, ef hætt er að kveikja á vitanum; það verður að standa þurt og fægt, því að sú olía, sem borin væri á, yrði að þykkri leðju, sem svo yrði að hreinsa af aptur áður en kveikt væri. Ennfremur skal taka öll lóð af og geyma, meðan gangverkið ekki er notað. Gangverkið er varið fyrir öllu ryki með blæju úr þjettu ljerepti.

12. gr.

Nokkrum dögum áður en kveikja skal á vitanum aptur, skal bera paragónolíu á alla tappa og ganglegur í gangverkinu, hengja sömu lóð á og áður hafa verið notuð, og setja síðan gangverkið af stað. Nú er aðgætt, hvort ljóskrónan snýst í kring á tilteknum tíma; sje það ekki, þá verður að leiðrjetta snúninginn með stillifærinu, eða, ef það nægir ekki, þá verður að breyta um lóð.

Til þess að ganga úr skugga um, hvort gangverkið gangi rjett eða ekki, verður að láta það ganga nokkurn tíma, meðan áburðurinn er að jafna sig, áður en farið er að breyta til, því að þótt gangverkið í fyrstu ekki gangi rjett, þá getur það lagast, þegar það hefir gengið nokkra stund.

156

Viðhald
varaá-
halda
gang-
verksins.

Varaáhöld gangverksins skulu geymd á rakalausum stað, þar er ekkert ryk kemst að; skal líta eftir þeim og fægja þau við og við með hreinni olíu eða vassilíni.

13. gr.

Hreinsun
og viðhald
gangbraut-
anna.

Hreinsa skal daglega allt ryk af gangbrautum, stýrihjólum og burðarhjólum, og bera á tappana svo opt, sem nauðsyn krefur; á hjólbrautir skal láta drjúpa nokkra dropa af olíu, til að verja brautirnar sliti

14. gr.

15. gr.

Hreinsun
vagnsins.

Eigi að hreinsa vagninn vandlega, er ljóskrónunni lypt upp með lyptiskrúfum, sem til þess eru gjörðar, og síðan eru trjebútar settir undir ljósakrónuna til að halda henni á lofti, meðan vagninn er hreinsaður. Þetta verk verður að leysast fljótt og vel af hendi.

Hafi myndast för í brautina af hjólunum, verður að færa þau úr stað, annaðhvort út eða inn, svo að þau gangi ekki í sama farinu og áður.

IV. *Lamparnir.*

16. gr.

Að setja
lampana.

Til þess að viti geti lýst með tilætluðum skærleik, útheimtist ekki að eins að lampinn logi vel, heldur jafnframt:

- a. að möndull brennarans sje í sömu lóðrjettu stefnu, sem brennideplar ljóskróunnar;
- b. að brennarinn sje hæfilega hár og
- c. að yfirborðið á brennarinum sje lárjett.

Til þess að geta sett lamparjett í ljóskrónu, eru 2 þræðir festir í ljóskrónunna, þannig að þeir mætist í brennideplinum. Þegar nú prófa skal, hvort brennarinn stendur rjett, þá eru hinir umtöluðu þræðir festir í ljóskrónunna, síðan er smokkað ofan í brennarann sívölum trjetappa, sem til þess er gjörður, og skal þá miðdepill tappans standa beint undir skurðardepli þráðanna og fast upp við þræðina; samstundis skal rannsaka, hvort yfirborð brennarans er lárjett, með því að setja hallamæli ofan á brennarann.

Standi nú brennarinn ekki rjett, þá verður að laga það með þeim ráðum, sem fyrir hendi eru; en takist það ekki, verður að gjöra gæzlustjóra advart um það í tíma.

17. gr.

Að láta á
lampana.

Lampinn er ávallt fylltur af olíu í hvert sinn, sem kveikt er.

18. gr.

Að kveikja

á lampan-irnin eru nú skrúfaðir upp, $\frac{1}{2}$ —1 línu yfir yfirborðið á brennarinum; síðan er um. kveikt á þeim og þeir aptur skrúfaðir lítið eitt niður fyrir brúnina á brennarinum.

Glasið er síðan sett á og fært svo hátt upp, sem hægt er, til þess að það síður springi. Í fyrstu verður að láta loga lítið, til þess að ekki setjist skar á kveikina; þegar glasið er orðið heitt og loginn jafn, er glasið fært niður og kveikirnir skrúfaðir, sem svarar 1 línu, upp yfir brennarann. 156

Það ber stundum við, að glasið er ekki alveg sivalt eða að það stendur ekki rjett á brennaranum, og við það verður ljósið ójafnt, þetta má á stundum laga með því, að snúa glasinu í kring á glasberanum.

Sje glasið haft of lágt, þá nær ljósið ekki fullri hæð og verður of lítið, og sje það haft of hátt, þá verður ljósið rauðleitt og missir af skærleika sínum. Það er um að gjöra, að loginn sje svo skær og stór, sem hægt er.

19. gr.

Skyldi það koma fyrir af einhverri ástæðu, að hreinsa þyrfti kveikina á Að hreinsa kveikina. nóttu, þá er aðferðin sem hjer segir:

a. Sá vökulampi, sem notaður er í varðklefanum, á meðan logar á vitanum, er settur á góðan stað, nægilega langt frá vitalampanum, og 2 vel fægð lampaglös eru sett fram á vinnuborðið.

b. Oliurennslíð að kveiknum er stöðvað, ef með þarf, þar sem svo stendur á, kveikirnir skrúfaðir niður, glasið er tekið af og ljósið slökkt. Kveikirnir eru svo skrúfaðir svo hátt upp, að skarið sje alveg fyrir ofan brennarann, því næst er skarið numið burt af kveiknum með smásófli, ójöfnurnar á kveiknum klipptar af með bjúgskærum, og það skar, sem fokið hefir ofan í brennarann, er síðan hreinsað burt og sjer í lagi úr súgsmugunum.

c. Nú er aptur kveikt á lampanum og glasið, sem ekki er orðið kalt, sett á.

Þegar kveikur er þannig hreinsaður, verður að fara varlega, svo að ekki kvikni í olfunni.

Springi glasið, þá er þegar tekið annað af varaglösunum, en það verður þá að láta loga lítið á meðan glasið er að hitna.

Stundum kemur það fyrir, að sótskorpa sezt á kveikinn. Þegar það kemur fyrir, þá er bezt að slökkva á lampanum; það nægir optastnær að skrúfa kveikinn niður og fellur þá skorpan af, og þarf þá ekki annað en skrúfa hann upp aptur, jafnhátt og vant er, og kveikja síðan. Enn dugi það ekki, verður að fara að á sama hátt og áður er sagt.

20. gr.

Til þess að geta fljótt skipt um lampa, sem notaður er, og sem komið er Að skipta ólag á, verður að hafa tvo brennara til taks, sem eru í fullu standi. En áður um lampa en skipt er um, verður að rannsaka vel þann lampa, sem notaður er, ef á nóttu, ef með þarf. hægt skyldi vera að laga hann.

Þegar skipt er um lampa, þá verður að gera það svo fljótt, sem hægt er, og, ef brennarinn er ekki í föstum skordum, þá er hann settur eptir ágizkun til bráðabirgða, en er þá leiðrjettur næsta dag.

Sjái vitavörður, að það taki of langan tíma fyrir einn mann að skipta um lampa eða brennara, þá verður hann að taka annan mann sjer til hjálpar.

156

Að skipta
um lampa
á vissum
tímum og
hreinsa.

Einu sinni á mánuði skal skipta um lampa og taka varalampa í staðinn, og er þá sá, sem notaður hefir verið, vandlega hreinsaður.

Sjerhvern lampa, sem notaður hefir verið, skal hreinsa, þegar er hann er tekinn úr ljóskrónunni og aðgæta vandlega, áður en hann er aptursettur inn.

Lampann verður að taka allan í sundur til að hreinsa gamla olíu burt, sem sezt hefir fyrir, og annars verður hörð og sezt á málminn, eins og viðarmergur væri.

Að hreinsa
brennara.

Brennarinn er hreinsaður með mjórri trjespýtu, sem vafið sje um ljer-
eptslepp, eða með smáum sóflum. En þess verður að gæta, að úrrak úr ljer-
eptinu verði ekki eptir í loptsmugunum í brennaranum. Bezt er að sjóða óhrein-
indin úr brennurunum í sóðavatni.

Olíukerið og aðrir hlutir úr blikki eru fægðir á sama hátt og umgetur í
8. gr. Síðan er allt sett þar, sem það á að vera, annaðhvort í ljóskrónuna eða
í það geymslurúm, sem það á að vera í.

22. gr.

Að hreinsa
lampa-
glasið.

Verði lampaglasíð óhreint af reyk eða, ef olíublettir setjast á það, þá er
það núð með ljereptsleppi, sem vættur er í olíu, til þess er blettunum er náð af,
síðan er glasið þurkað og fægt með kritarduþti.

23. gr.

Að geyma
brennar-
ana.

Þeim brennurum, sem ætlaðir eru til notkunar við vitann, er þannig nið-
urraðað, að einn er hafður í þeim lampa, sem notaður er, en hinir, sem eru til
vara, skulu vera út búnir með kveikjum, tilbúnir til brúkunar, ef með þarf; þó
þarf ekki að hafa kveiki í fleirum en tveim varabrennurum, sjeu þeir í góðu
lagi; þeir brennarar, sem kunna að vera um fram, eru geymdir í rakalausum
skáp í góðu standi, einkanlega kveikskrúfurnar og kveikberarnir.

Að setja
nýjan
kveik í
brennar-
ann.

24. gr.

Kveikberinn er tekinn úr brennaranum og settur upp á kveikþræðarann,
ef hann er til; síðan er kveiknum smokkað upp yfir þræðarann og kveikhólk-
inn alveg upp að stallinum á hólknem, og bundinn fastur um hólkin
með sterkum tvinna; þá er prófað, hvort kveikurinn getur gengið upp og ofan
í brennaranum, án þess að fara í hrukkur. Að síðustu er kveikurinn skrúfaður
niður að yfirbrún brennarans og klipptur alveg jafn að ofan. Bezt er að væta
kveikinn lítið eitt í olíu, láta loga á honum unz hann er þurr, og strjúka
síðan skarið vel af, því að þá verður hann jafnari. En það verður að klippa
hann þurran.

Komi það fyrir, að kveikur sje of rúmur, þá má mjókka hann með því,
að draga þræði úr honum hjer og hvar á langvegin, og teygja svo úr honum,
þar til er hann er mátulegur utan um kveikberann. Það er þó ekki ráðlegt, að
draga úr kveiknum, nema brýna nauðsyn beri til. Þegar nýr kveikur er látinn
í, verður hann að vera þurr.

V. *Hirðing á ljóskerinu, húsgögnum, neyzluefni og húsakynnum vitanna.*

156

25. gr.

Rúðunum í ljóskerinu verður að halda alveg hreinum. Þær skal þurka ^{Hin dag-} á hverjum degi, bæði að utan og innanverðu, með hreinum ljereptsleppi og fægi- ^{lega} skinni; þá bletti, sem ekki nást af þannig, skal þvo með vatni, eða með vínanda, ef ^{hreinsun} með þarf. Hafi litarblettir sett á rúðu, skulu þeir þurkaðir alveg af. Þegar ^{á rúðun-} eimur á nóttu sezt á rúðurnar, þá skal hann stöðugt þurkaður af með ^{um í ljós-} njardaðarvetti. Ef frosthjela sezt á rúðurnar, skal þvo hana af með hreinum salt- ^{kerinu.} legi, sem verður að vera á reiðum höndum, þegar frost er.

26. gr.

Fyrir utan hina daglegu hreinsun á rúðunum, skal að minnsta kosti ^{Að halda} fjórum sinnum á ári fægja rúðurnar með kritarduþti bæði innan og utan, og er ^{rúðunum} aðferðin við það hin sama, sem um getur í 7. gr., þegar ljóskrónan er fægð með ^{gljáandi} enskraudu duþti.

27. gr.

Kitti um rúður og þar, sem ljóskerið er samansett, verður að viðhalda ^{Að halda} með umhyggjusemi, til þess að ekki geti rignt inn í ljóskerið. Kittið er búið til ^{við} úr 2 pörtum af kritarduþti og 1 parti af blýhvítuduþti, sem jafnað er saman ^{kittinu um} og hnoðað með jafnmiklu af línoliu og fernis, þar til er það er orðið að þjettu ^{rúðurnar.} og línu deigi.

28. gr.

Þar sem búast má við, að vitavörður verði sjálfur að setja nýjar rúður ^{Að skera} í ljóskerið, þá er hjer til vara sett lýsing á aðferðinni. Verði að skera rúðu til, ^{rúður í} sem ekki er mátuleg, þá verður að gera það með glerskera (demant), sem ^{ljóskerið.} verður að vera sterkari en almennur glerskeri. Þegar búið er að rispa fyrir því, sem skera á af, með glerskeranum, þá skal berja með skaptinu á honum eptir rispunni bak til, því að við það verður rispan dýpri, og springur svo glerið frá, þegar stutt er á það. Sje brotið ekki jafnt, þá verður að jafna það með glasbrjót eða töng, er til þess er gerð.

Þegar búið er að gera rúðurnar hæfilega stórar, þá eru rendurnar sorfnar sljettar með þjöl, og er bezt að væta hana í terpentínu, því að þá vinnur hún betur á glerið.

29. gr.

Þegar setja skal rúður í, þá skal þess gætt, að það sje nægilegt bil milli ^{Að setja} rúðunnar og umgerðarinnar, sem hún er sett í, enn fremur skal setja milli rúð- ^{rúður í} unnar og umgerðarinnar eða í hið umtalada bil, smáa blýfleyga eða trjeflísar, ^{ljóskerið.} svo að rúðan liggi hvergi við umgerðina, því að annars er þeim hætt við að springa, ef ljóskerið hristist í vindi. Millibilið er og nauðsynlegt, til þess að komið verði kittinu milli rúðunnar og umgerðarinnar, því að kittið verður alveg að fylla upp í rúðufalsið, svo að rúðubrunin liggi alveg í kitti. Þegar

156 skipt er um rúður, þá verður að gæta þess, að bera vel á skrifurnar í listanum, sem heldur rúðunni, áður en þær eru skrifaðar í aptur.

30. gr.

Að geyma Þegar ekki er til skápur, til að geyma vararúður í, þá skulu þær settar á
vara- rönd á þurran stað með trjelistum í milli rúðanna, svo að þær ekki liggi saman.
rúður. Einnig má geyma þær í luktum kassa, en það má ekki hafa hálm eða pappír í milli rúðanna, heldur mjúkt klæði eða flóka.

31. gr.

Meðferð Í Gróttuvitanum eru tvöfaldar rúður og eru hinar innri rauðar og grænar
á lit- til að sýna hin mislitu ljós. Þessar lituðu rúður eru hreinsaðar og hirtar á sama
uðum hátt, eins og ljóskersrúðurnar, sem um er getið í 25. gr., en með þær verður
rúðum. að fara með mestu varúð, því að þær eru ákaflega stökkar, og þola ekki, að komið sje hart við þær. Þess ber vandlega að gæta, þegar þessar lituðu rúður eru teknar niður til hreinsunar, að setja þær aptur á rjettan stað, og eru þær því í fyrstu settar svo upp í ljóskerid, að ekki sje hægt að villast á því, nema með sjerstakri óaðgætni.

32. gr.

Að við- Það er um fram allt mjög áriðandi að viðhalda nægilega miklum lopt-
halda súgi í ljóskerinu, því að skærleiki ljóssins og stöðugur logi er að miklu leyti
loptsúgi undir því kominn, að loptsúgurinn sje í góðri reglu. Snöggur vindgustur og ó-
i vitanum. jafn loptsúgur gerir logan ókyrran, og getur, ef til vill, sprengt glasið eða slökt á lampanum. Aptur á móti orsakar mollulegt og straumlaust lopt, að loginn er daufur og óskir. Það er enginn hægðarleikur, að hafa mátulegan loptsúgin, því að hann er sífeldum breytingum undirorpinn sökum breytinga loptsins úti fyrir. Vitavörðurinn verður því að neyta allrar sinnar árvekni og eptirtektar, til að halda loptsúgnum sem beztum.

Sje loptsúgurinn nægilegur og góð gæzla höfð á súglyklunum, þar sem þeir eru, eða súggötunum, þá á það ekki að koma fyrir, að eimur eða frosthjela setjist á rúðurnar, sem er mjög áriðandi, þar sem vitinn við það ekki lýsir, eins og ætlazt er til.

Af því, sem nú er sagt, er áriðandi að súglyklarnir sjeu í góðu lagi, þar sem þeir eru, og öll súggöt vel opin og laus við farfa eða hvað eina, sem gæti hept loptsúgin. Geti vitavörður ekki lagað loptsúg, sem kominn er í óreglu, skal hann tilkynna það gæzlustjóra.

Húsgögn.

33. gr.

Meðferð Oliuhreinsunarfærisins skal gætt með mikilli umhyggjusemi, og í hver-
á hreins- um mánuði er klæðið, sem hvílir á sýjunni, þvegið í sjóðandi vatni.
unarfær-
inu.

33. gr.

156

Öll smíðatól, áhöld og húgögn, sem ekki eru stöðugt notuð, eru geymda ^{Að geyma} í vissum skápum, og skal stöðugt haft vakandi auga á þeim og þau hreinsuð, ^{önnur} þegar með þarf. Þeir blutir, sem eru úr járni eða stáli, skulu roðnir í feiti eða ^{áhöld.} vasilni, til þess að verja þá ryði. Látúnsmunum og öðrum munum, sem eru úr tinroðinni rárnþynnu, er haldið hreinum og fögrum með því að fægja þá stöðugt, ef þeir eru ekki varðir fyrir áhrifum loptsins á annan hátt.

Oliufordinn.

34. gr.

Parafínolía og steinolía, sem notuð er til vitans, er ekki eins eldfim, eins ^{Að geyma} og önnur steinolía, sem almennt er notuð í húsum, en þrátt fyrir það verður þó ^{olíuna.} að veita athygli eptirfylgjandi varúðarreglum:

Oliukerin, sem olían er geymd í, verða að vera vel held með vel heldu loki, og verða að standa þar, sem kalt er og góður loptsúgur.

Það verður að fylla oliukerin og taka úr þeim á degi eða við dagsbirtu, en ekki við ljós.

Það er áriðandi að fylla oliukerin ekki alveg, svo að það sje nokkuð af tömu rúmi fyrir ofan olíuna, svo sem nægir til þess, að olían geti þanizt út, eins og hún þarf.

35. gr.

Að hreinsa
oliukerin.

Oliukerin skal hreinsa vel í hvert sinn, sem búið er úr þeim, áður en ^{olíukerin.} ný olía er látin á þau aptur, og sjeu oliukerin ekki tinroðin að innan, verður að fægja allt ryð af þeim, áður en á þau er látið, og hreinsa þau síðan vel.

Sje olían geymd í sinkkerum, þá skal hreinsa þau með sjóðandi sóðavatni og þurka síðan upp, og eru þau svo látin standa nokkurn tíma undir beru lopti til að þorna.

36. gr.

Alla afganga af neyzluefnum skal geyma á hentugum stað og verja ^{Að geyma} fyrir raka og ryki. Kveiki og Vínarkalt skal geyma í þjettum blikkdósum, ^{ýmsa} afganga af ^{neyzlu-} enskraudu og paragónolíu á flöskum með þjettum töppum í. ^{efnum o. fl.}

Húsakynni vitanna (vitarúmið).

37. gr.

Ræsting
vitarúm-
anna m.m.

Með því að mjög áriðandi er, að vitafærið og öll önnur áhöld, sem heyra ^{Ræsting} því til, sje varið fyrir öllu ryki svo vel, sem audið er, þá verður að viðhafa hið mesta hreinlæti, bæði í sjálfu ljóskersrúminu og öðrum rúnum í vitanum, sem að því liggja; sömuleiðis verður að halda öllum skápum hreinum, bæði inn- an og utan, stigum, inngöngum í vitaturninn, þar sem svo hagar til o. s. frv. Gangrúmið utan um ljóskerið með grindinni að utan skal daglega sópa og hreinsa, og í hverri viku eða optar, ef með þarf, skal þvo öll óhreinindi af hand-

26. dag nóvembermánaðar 1897.

156 riðinu og gangrúminu með votri tusku. Sömuleiðir skal þvo stigann og öll rúm í turninum að minnsta kosti einu sinni á viku. Loptið upp yfir ljóskerinu verður að þvo tvisvar á ári að minnsta kosti.

Varúðar-
reglur um

38. gr.

Í ljóskerinu, varðklefanum og öðrum rúmum í vitaturninum má ekki afganga afskilja eptir steinolíu, hversu lítið sem er, hvorki í könnum, bökkum eða öðrum olíu m.m. flátum. Fituborin fægifæri skal geyma í lokuðum blikkerum, og má ekki láta þau standa þar, sem þau geta hitnað eða eru nálægt eldi.

Þegar búið er að láta á lampann, þá skal þegar taka allar olíukönnur á burt, sem afgangar af olíu eru í, og láta þær á sinn stað; þó verður að hafa eina könnu með olíu í á öruggum stað, ef ske kynni að það þyrfti að halda á olíu einhverntíma á nóttu. Ef olía hellist niður í ógáti, þá skal þegar þurka hana upp. Það má ekki fara með ljós eða eld í olíurúmið.

Skyldi af óhöppum kvikna í vitanum, þá er betra að ausa mold, sandi eða ösku í logann, heldur en vatni eða sjó, því það kæfir betur olíuloga heldur en vatn.

VI. *Hin daglega sjúslan við vitann.*

A kvöldin og næturnar.

39. gr.

Sýslanin
við
kveiking.

Þegar kveikja skal á vitanum, þá skal allt í ljóskerarúminu vera tilbúið, eins og áskilið er í 41 gr. Á vetrum, þegar veður er kalt, skal ljóskersrúmið hitað upp einni stundu áður en kveikt er. Þegar tíminn er kominn, þá er kveikt á þann hátt, sem hér segir:

a. Fyrst eg kveikt á varðlampanum.

b. Blæjan er tekin af ljóskrónni; gluggatjöldin frá ljóskersrúðunum eru tekin niður. Ljóskrónan er sópuð með fjaðrasópinum og rúðurnar eru þurkaðar utan og innan.

c. Kveikirnir verða að vera vel votir af olíu; síðan er kveikt og glasið þegar sett á brennarann. Það verður að kveikja á svo rjettum tíma, að loginn sje búinn að ná sjer fyllilega, þegar augnablikið er komið, er kveikja skal á vitanum, og samstundis er gangverkið sett í gang, þar sem gangverk eru eins og t. a. m. á Reykjanesi og Garðskagatá, verður það með því, að losa um stopparann og láta kambhjólin grípa hvort í annað. Það verður að taka eptir því, hvort ljóskrónan snýst í kring á rjettum tíma. Stöðvist gangverkið af einhverri óreglu, sem á það hefir komið, og sje ekki hægt að koma því þegar í lag aptur, þá verður einhver aðstoðarmaður, sem er við vitann, að snúa ljóskrónni með höndunum, svo nákvæmlega, sem hægt er, á meðan gjört er við gangverkið.

Morgunsýslanin.

40. gr.

Sýslanin

Þegar slökt er á vitanum, skal þess gætt, er hér segir á eptir:

- a. Oliustraumurinn til kveiksins, þar sem það er hægt, er stöðvaður, **156**
 kveikirnir eru smámsaman skrúfaðir niður, fyrst sá ytri og því næst sá innri, þegar
 til þess að glasið geti kólnað hægt, og síður sje hætt við að það springi. slökt er.
- b. Glasið er tekið af brennaranum og sett til hliðar.
- c. Gangverkið er dregið upp, stopparinn er settur fyrir og verkið
 stöðvað.
- d. Blæjan er hengd yfir ljóskrónuna og gluggatjöldin eru hengd fyrir
 ljóskersrúðurnar.
- e. Hafi logað ójafnt um nóttina, þá er olfunni hellt úr oliukerinu og
 keríð hreinsað.

Dagsýslanin við vitana.

41. gr.

A þeim tíma fyrir hádegi, sem tekið er fram í reglugjörðinni, skal fægja **Sýslanin**
 brennarann og glasið með öllu tilheyrandi, ásamt þeim lampa, sem notaður var við hina
 um nóttina. Lampinn er þurkaður vel að utan; kveikirnir eru hreinsaðir, staða daglegu
 lampans er rannsökuð, ljóskrónan og gangverkið er fægt, rúðurnar í ljóskerinu ræsting og
 eru fægðar, og ljóskersrúmið, varðklefinn og öll rúm í turninum eru sópuð og eptirlit.

Einu sinni á viku er vitalampinn tekinn í sundur, og hreinsaður og fægður.

Brennarinn er skolaður í oliu og fæðipípan með sjóðandi sódavatni.

Skipta skal um brennara á hverjum mánuði, og sá, sem not-
 aður hefir verið, er skolaður með sódavatni og fægður, áður en hann er tekinn
 frá.

Sje sólskin meðan á ræstingunni stendur og skíni á ljóskrónuna, þá má
 ekki taka gluggatjöldin frá, því að lampinn getur skemmzt af of miklum hita, því
 að geislarnir frá ljóskrónunni verka eins og brennigler væri.

Hafi verið skipt um lampa nóttina áður eða nota á annan lampa
 um stundarsakir, þá skal hann settur nákvæmlega upp (sjá 20. gr.).

42. gr.

Þegar búið er að ganga vandlega frá hverjum einstökum hlut, hvað **Hin dag-**
 hreinsun og eptirlit áhrærir, þá skal setja allt í röð og reglu, áður en vikið er **lega reglu-**
 frá vitanum, samkvæmt því, sem hjer segir: **semi.**

a. Lampinn í ljóskrónunni skal vera vel fægður, fylltur með oliu og til-
 búinn til að kveikt sje á honum.

b. Glasið skal sett fram á vinnuborðið ásamt þeim kassa, sem geymd
 cru í þau áhöld, sem almennt eru viðhöfð á meðan logar á vitanum, svo sem
 hnifar, skæri, tuskur, kveikhringir o. s. frv.

c. Að minnsta kosti 2 hrein glös og 1 brennari með þurru kveik skulu
 vera við höndina.

d. Varalampi skal standa við höndina í skáp með blæju yfir.

e. Við vita, sem snúast, skal draga gangverkið upp, og leysa frá
 ganghjólínu.

156 f. Varalampinn skal vera við höndina fylltur olíu og tilbúinn til að kveikt sje á honum.

g. Blæjurnar skulu vera yfir ljóskrónunni og gluggatjöldin fyrir rúðunum.

h. Oliukanna með olíu í skal vera við höndina, til að geta látið á varalampann, ef með þarf.

i. Allir hlutir skulu settir og þeim niðurraðað á þann stað, þar sem þeim er ætlað að vera

43. gr.

Tilkynning
um bilun
á ljósfær-
unum.

Ef ljósfærið hefir að einhverju leyti bilað eða, ef einstakir partar þess hafa bilað af sliti eða óvarkárni, svo að þeir eru ónýtir, þá verður þegar að gjöra gæzlustjóra aðvart um það, og skrifar vitavörður skýrslu um það í dagbók vitans. Þegar tilkynning er send um einhvern hlut, þá verður að nefna hlutinn því nafni, sem hann er nefndur í reglugjörðinni, því að annars kann það að verða misskilið.

44. gr.

Fægingar-
færin.

Eptirfylgjandi fægingarfæri skulu viðhöfð við vitann en engin önnur:

Fjaðrasópur til að sópa af ljóskrónunni.

Ljerept er haft til að fægja með gler og málm. Fægijereptið skal sjóða í sódavatni og þvo vel á eptir. Það fægijerept, sem ljóskrónan er fægð með, verður að vera alveg hreint. Til að hreinsa rúður er bezt að nota fægijerept, sem þvegið hefir verið nokkrum sinnum og er orðið mjúkt.

Fægiskinn er haft til að fægja ljóskrónur og ljóskersrúður. Það verður þó fyrst að elta skinnið milli handanna, til að gjöra það mjúkt. Fægiskinn má þvo í sódavatni, og þegar það er þurt, má gera það aptur mjúkt með því að elta það milli handanna.

Njarðarvöttur er hafður til að þurka eim af rúðum.

Smásópar með sköptum eru hafðir til að sópa smáagnir af málm, sem fægður hefir verið.

Sópar til að fægja lampaglös.

Vinandi er hafður til að hreinsa fitubletti af gleri.

Enskrauda er höfð til að fægja ljóskrónur.

Kritarduþt (Vandrevet Kridt) er haft á sama hátt sem enskrauda, til að fægja ljóskersrúður.

Vínarkalk er notað eitt sjer eða saman við stearinolíu til að fægja ýmsa smágerða hluti. Til þess að Vínarkalk geti haldið sínum góðu eiginlegleikum, sem fægiefni, þá verður að geyma það í lokuðum blikkdósum eða glerflöskum.

Fægisteinn er notaður sem duþt, og er þá bezt að núa tveim fægisteinum saman, þar til nægilegt duþt er komið. Duþtið er haft ásamt stearinolíu til að fægja járn og stálhluti, og sömuleiðis óvandaða hluti úr öðrum málm.

Stearinolía er höfð ásamt hinum tveim ofanefndu fægiefnum til að fægja málma og járn.

Smergelljerept er notað, helzt bleytt í oliu, til að fægja með smíðatól og aðra járn- og stálhluti, snúrukeflið í gangverkinu og fl. Það má engann veginn nota smergelljerept í ljóskersrúminu, eða þannig að smergelduð geti orðið eptir í gangverkinu.

Vasilín er notað til áburðar á smíðatól eða aðra járn- eða stálhluti, þegar þeir skulu varðir ryði.

Öll fægiefni og þó sjer í lagi þau, sem notuð eru, skulu geymd þannig, að ryk ekki geti safnast í þau.

Skyldur vitavörðar.

45. gr.

Vitavörður hefir ábyrgð á, að öllu, sem vitanum tilheyrir, bæði föstu og lausn sje viðhaldið og það meðhöndlað samkvæmt reglugjörðinni, og að vitinn logi svo vel, sem ætlazt er til og sýni það ljós, sem ákveðið er, allan þann tíma, sem um getur í 51. gr. Hann skal gjöra sjer vel kunnar allar ákvarðanir reglugjörðarinnar, og hafa vakandi auga á að þeim sje fylgt, eins af þeim, sem hann kann að nota sjer til aðstoðar.

Abyrgð,
sem hvílir
ávitaverði.

46. gr.

Hann skal skyldur til að hafa annan áreiðanlegan mann sjer til aðstoðar, sem getur tekið að sjer umsjón og hirðing á vitanum, ef vitavörður sýkist eða er forfallaður, og er honum frjálst að nota til þess hvort heldur er karl eða konu, skyldfólk eða vandalaust, allt eptir því, sem haganlegast er, en hann ber alla ábyrgð á því, sem aðstoðarmaður hans gerir. Hann skal gera aðstoðarmanni sínum vel kunnugt um notkun og hirðing á vitanum, svo hann sje alveg fær um á eigin hönd að gæta vitans í forföllum vitavörðar samkvæmt reglugjörðinni.

Aðstoðar-
maður.

Þegar vitavörður sjálfur ekki gætir vitans, þá skal skrifað í dagbók vitans nafn þess manns, sem umsjón hefir og hve nær það hafi átt sjer stað. Gæti þeir vitans á vixl, þá skal skrifað í dagbókina »Nr. 1«, þegar það er vitavörður, en »Nr. 2«, þegar það er aðstoðarmaður.

47. gr.

Verði eitthvað að vitanum, sem hefir orsakað að slökkva þurfti, annaðhvort að gangverkið hafi stöðvazt, skipt hafi verið um lampa eða brennara, á meðan loga átti á vitanum, skal vitavörður skrifa skýrslu um það í dagbókina, og þegar gjöra gæzlustjóra aðvart um það, ef það er svo alvarlegt, að vitinn geti ekki gjört sitt fulla gagn, eða að öllum reglum þar að lútandi geti ekki orðið fylgt þess vegna. Sama regla gildir um bilun á öðrum húsum vitans.

Tilkynning um
bilun á
vitanum.

48. gr.

Hann skal lita eptir og sjálfur vera við allt, sem gera þarf vitanum og áhöldum hans til viðhalds. Hann tekur á móti öllum ársforða vitans og skipar fyrir um það, hvernig honum skuli komið fyrir. Sömuleiðis skal hann

Daglegt
eptirlit til
viðhalds á
vitanum

156 hafa eptirlit með öllum aðgjörðum á vitanum, sem kunna til að falla, hverju nafni sem nefnast, og skal sá, sem verkið hefir á hendi, hlýða fyrirskipunum vitavörðar í tilliti til hreinlætis og varkárni, og skal vitavörður gjöra aðfinningar við það, sem honum finnst ábótavant, og sjá um að verkið sje leyst vel af hendi. Skyldur skal hann að veita smiðum eða verkamönnum þá aðhlyning, sem hann getur í tje látið, en þó ekki án endurgjalds.

Et vita-
vörður
sýkist.

49. gr.

Ef vitavörður sýkist og getur ekki gengið að verki sínu, skal hann gera gæzlustjóra aðvart um það. Hann skal jafnframt geta þess, hvers eðlis sjúkdómur hans er, og hve lengi hann muni verða sjúkur, samkvæmt læknisvottorði. Gæzlustjóri sker svo úr, hvort annan verði að setja í hans stað til að gæta vitans eða ekki.

Þegar veikindi ber að höndum, skal skrifa í dagbókina, hve nær það skeði, hver hafi tekið við gæzlu, og hve nær vitavörður aptur hefir tekið við gæzlunni.

Reikn-
ingshald
o. fl.

50. gr.

Hann skal halda alla reikninga vitans, samkvæmt fyrirmyndarblöðum, sem þar til eru gjörð, rita allar tilkynningar, dagbók vitans og fleira, sem fyrir kemur. Enn fremur skal hann hafa rækilegt eptirlit með því, hvað vitann vanhagar um á hverju ári, og hvað eptir er við hver vitaárslok, og senda gæzlustjóra skirteini um það ár hvert.

Hann skal hafa ábyrgð á, að allir afgangar sjeu vel geymdir og að ekkert fari forgörðum af neyzluefnunum eða sje brúkað í óhófi, en spara þó ekkert til þess, að vitinn geti gert hið tilætlaða gagn. Og enn fremur skal hann hafa eptirlit með því, að allir innanstokksmunir sjeu notaðir á rjettan hátt og að allir hlutir sjeu látnir á sinn rjetta stað, þegar búið er að nota þá í hvert sinn.

Alla reikninga skal hann senda gæzlustjóra.

Hið vanalega skyldustarf við vitann.

51. gr.

Varð-
starfið.

Við Reykjanesvitann skal stöðugt halda vörð á nóttu eða meðan vitinn logar. Vakan skal byrja $\frac{1}{2}$ stundu áður en kveikt er á kvöldin, og stendur yfir þar til er slökkt á morgnana þannig, að vitavörður skiptir vökunum milli sín og annars manns eptir því sem bezt hentar. Haldi vitavörður sjálfur ekki vörð, en setji mann til þess í sinn stað, þá skal hann samt á ákveðnum tímum lita eptir vitanum, og skal þess getið í dagbókinni, hverjir haldi vörð og hve nær vitavörður heldur eptirlit á nóttu.

Við Garðskaga- og Gróttuvita þarf þar á móti ekki stöðugt að halda vörð, en vitavörður skal ganga í vitann til eptirlits fjórða hvern tíma að minnsta kosti, og optar, ef nauðsyn krefur, svo sem í frosti og stormum, og skal hann þá laga það, sem kann að vera ábótavant; þess skal getið í dagbókinni, hve nær litið var eptir vitunum.

A öllum vitunum skal kveikt í fyrsta sinn á ári að kvöldi hins 1. ágúst-
mánaðar $\frac{1}{2}$ stundu eptir sólarlag, og úr því á hverju kvöldi til 15. maí, en
slökkva $\frac{1}{2}$ stundu fyrir sólaruppkomu á hverjum degi, það er að segja, að ljós-
ið í vitunum skal vera búið að fá sinn fyllsta skærleik $\frac{1}{2}$ stundu eptir sólset-
ur (sjá tímatöfluna).

156

52. gr.

Sá, sem varðgæzlu hefir, skal ávallt vera vakandi og halda sjer stöðugt í
varðklefanum; og við þá vita, er ekki er stöðugt haldinn vörður, skal vitavörð-
ur sofa á nóttunni í varðskálanum, svo að hann geti verið til taks, þegar með
þarf. Hann má ekki vikja frá verði, án þess að vera leystur af verði.

Skyldnr
þess, sem
heldur
vörð.

Ef hann af einhverri orsök ekki getur verið á verði, þá skal hann heimta
að vera leystur af verði.

Hann skal gefa gætur að öllu því, sem reglugjörðin áskilur, og skrifa
allt, sem við ber, meðan hann stýrði verði, í þar til gjörðan vökulista, sem vita-
vörður síðar skrifar í dagbókina.

Komist ólag á vitann, sem hann ekki getur lagað, verður hann þegar að
gjöra vitaverði aðvart um það.

53. gr.

Hin daglega ræsting skal byrja $\frac{1}{2}$ stundu eptir að slökkt er, en þó ekki
fyr en kl. 6 að morgni. Vitaferin skulu algerlega sett í gott lag samkvæmt reglu-
gjörðinni, og er ætlað til að ræstingunni sje lokið og vitinn að öllu leyti tilbú-
inn til að tendrast, þegar til kemur, fyrir kl. 12 á hádegi, samkvæmt reglugjörð-
inni, nema á laugardögum, því að þá fer aðalræsting fram á öllum klefum og
húsakynnum vitans.

Dagvinnan
við
vitana.

Þegar hinni daglegu ræsting er lokið, þá skal vitavörður ganga úr skugga
um, að allt sje í rjettri röð og reglu.

Það skal skrifað í vökulistann, hve nær ræstingin byrjaði og endaði.

Frá því er allri ræstingu er lokið og þar til $\frac{1}{2}$ stund er til tendrunar,
skal vitaverði leyfilegt að vikja frá vitunum, ef hann þarf með. Hann skal á-
vallt sjá um að vitunum sje læst, þegar hann er í burtu, og að lyklarnir sjeu
geymdir á áreiðanlegum stað. Sömuleiðis skal hann sjá um, að vitunum sje
stöðugt lokað, þegar gengið er út eða inn í vitann, svo að enginn umgangur
geti átt sjer stað af öðrum enn þeim, sem að einhverju leyti eru riðnir við vit-
ann, nema með leyfi vitavardar.

54. gr.

Strandi skip í nánd við vitann, skal vitavörður vera búinn til að
veita skipbrotsmönnum sína hjálp, ef þeir þurfa við, bæði hvað björgun áhrær-
ir og sömuleiðis að veita þeim húsaskjól og aðhlynning, eptir því sem kringumstæður
hans leyfa, og getur hann krafizt þóknunar fyrir þann kostnað, sem hann kann
að hafa af því.

Þegar
skip
stranda.

156

Vitavörður skal leita sjer allra upplýsinga um strandið, og skrifa það í dagbók, svo sem um það, hverjar orsakir hafi verið til strandsins, um veður og vind, þegar skipið strandaði, hvort vitinn hafi sjezt, nafn skipsins og heimili, hverjar vörur það hafi haft eða í hverjum erindagjörðum það hafi verið og fleira þar að lútandi.

55. gr.

Notkun
fánans.

Ef vitinn á fána, þá skal hann dreginn upp kl. 8 f. h. og dreginn niður kl. 8 e. h. eða, ef sólin kemur seinna upp, þá skal fáninn vera uppi frá sólaruppkomu til sólarlags, á fæðingardag konungs og drottningar, krónprinsins og krónprinsessu, og fyrra dag hinna stærri hátíða. Ennfremur skal fáninn dreginn upp, þegar vitinn er skoðaður af gæzlustjóra, ef skoðunargjörðin fer fram á degi, og niður að aflokinni skoðunargjörð; sömuleiðis skal fáninn dreginn upp, þegar dönsk herskip eða utanríkis herskip sjást með uppdregnum fána, og niður aptur, þegar skipið hverfur úr auglýn. Vitinn verður að hafa að minnsta kosti tvö flögg, lítið og stórt, og verða bæði að vera klofin eða stjórnarflögg; hið minna er notað í stormum og slæmu veðri, en hið stærra í góðviðri. Rifni horn af fána, verður þegar að gjöra við það.

56. gr.

Vitavörður skal að öllu leyti hlýða fyrirskipunum gæzlustjóra, og skal það vera á hans ábyrgð, ef hann breytir út af því. Ef hann fyrir hirðuleysi eða skeytingarleysi lætur fyrirfarast að framkvæma nokkuð það, er honum er fyrirlagt svo að vitanum að einhverju leyti gæti orðið að tjóni, eða er ölvaður, þegar hann á að gegna vitastörfum, þá hefir hann fyrirgert rjetti sínum sem vitavörður, og má hann búast við að honum verði vikið frá sýslaninni við vitann við fyrsta brot.

57. gr.

Vitavörður hefir leyfi til að sýna aðkomandi mönnum vitann að innan, frá því er hann hefir lokið hinni daglegu ræstingu, þangað til $\frac{1}{2}$ stundu áður en hann kveikir á vitanum aptur.

Aðkomumenn skulu rita nöfn sín, stöðu og heimili í þar til gjörða bók, áður en þeim er sýndur vitinn. Ekki má hleypa fleirum inn í vitann í einu en rúm leyfir. Vitavörður verður að leggja ríkt á við aðkomendur að snerta ekki á nokkrum áhöldum vitans, gæta þess að þeir sjeu ekki í votum klæðum, taki ekki með sjer göngustafi eða regnhlífir í vitann. Tóbaksreyking er öllum fyrirboðin í vitanum bæði vitamönnum og öðrum; vitavörður skal biðja menn um að þurka af sjer á gólfmottunum, áður en þeir ganga um vitann, og brýna fyrir þeim að þeir megi ekki hrækja á gólf, og hundar mega alls ekki koma í vitann.

Það er fyrirboðið að leyfa nokkrum ölvuðum manni að ganga í vitann, eða þeim, sem eru ræflalega til fara.

Vitavörður skal vera þægilegur í viðmóti við þá, sem óska að sjá vit- **156**
ann, og skýra þeim frá ásigkomulagi allra vitafæra.

Á þeim tíma, er logar á vitanum, leyfist engum aðkomandi manni að ganga í vitann.

57. gr.

Refsa skal samkvæmt hinum almennu hegningarlögum hverjum þeim sem af ásettu ráði, hirduleysi eða strákskap skemmir nokkurt vitafæri, hvort fast er eða laust.

Reykjavík, 21. október 1897.

Landshöfðinginn yfir Íslandi,

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon

Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna yfir Íslandi um lántökuleyfi handa **157**
prestakalli. — Samkvæmt beiðni prestsins í Hruna í Árnesprófastsdæmi, sjera **21. okt.**
Steindórs Briems, og tillögum yðar, hr. amtmaður og yðar hr. biskup, í þóknanlegu brjefi, dags. 8. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að nefndur prestur taki allt að 2800 króna embættislán upp á tekjur prestakallsins til þess að byggja á prestssetrinu íbúðarhús úr timbri 15×11 álnir að stærð, járnvarið á þaki og 3 hlíðum, allt um kring fódrað pappa, með svonefndu »brotnu« þaki og kvisti á annari hlíð, kjallara 10×7 álnir, skúr við apturhlíð hússins 9×4 álnir, og með því fyrirkomulagi að öðru leyti, sem uppdráttur sá, er fylgdi fyrrnefndu brjefi stiptyfirvaldanna, bendir á. Ennfremur er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að síðari hluti lánsins verði eigi útborgaður fyrir en sannað er með reglulegri skoðunargjörð þartil útnefndra manna, að húsið sje fullgjört og í áskildu standi, og váttryggt fyrir 3800 kr. að minnsta kosti, að lánið ávaxtist, og endurborgist með $\frac{1}{28}$ árlega auk vaxta á næstu 28 árum að telja frá því lánið er tekið, að sannað verði á fulltryggjandi hátt, að húsið sje traust og vel vandað, að húsið með skúr, eldavjel og ofnum verði eign prestakallsins, enda mega þá niður falla eptirnefnd bæjarhús, er áður fylgdu prestakallinu: baðstofa, búr, eldhús, bæjardyr og göng, að presturinn eða dánarbrú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í góðu og gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er stiptyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar að því viðbættu, að lánið er veitt úr landssjóði.

Brjef landshöfðingja til hreppsnefndaroddvítans í N.-hreppi um uppboðslaun **158**
fyrir sölu óskilafjár. — Þjer hafið, herra hreppsnefndaroddvíti, í þóknanlegu brjefi, **23. okt.**
dagsettu 16. f. m., skýrt frá því, að breppstjórinn í N.-hreppi, N. N. á N., hafi